

Félagsmálaráðuneytið

Stöðuskýrsla nr. 14 til ráðgefandi aðila

Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Dagsetning: 6.5.2021

Efni: Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins þann 26. maí 2020 sem ætlað er að miðla og safna upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísi og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar.

Uppbyggingarteymið fundar að jafnaði aðra hverja viku og gefur út stöðuskýrslur í kjölfar þeirra sem dreift er til hlutaðeigandi og ráðgefandi aðila. Tekið er við ábendingum, beiðnum og fyrirspurnum tengdum félags- og atvinnumálum á netfangið, vidbragd@fm.is.

Í stöðuskýrslu fjórtán er fjallað um það sem snertir félags- og atvinnumál í nýjasta aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar og staðan tekin á átaksverkefnunum *Hefjum störf, Nám er tækifæri og sumarstörf námsmanna 2021*.

Áhugavert í fjórtánda stöðuskýrslu

- Alls hafa verið skráð **4.800 störf** og gerðir hafa verið **1.200 ráðningarsamningar** í tengslum við átaksverkefnið *Hefjum störf* frá því það fór af stað um miðjan marsmánuð.
- Vinnuálastofnun veitir þessa dagana stofnunum, sveitarfélögum og félagasamtökum ráðningarheimildir í tengslum við sumarátaksstörf námsmanna. Opnað verður fyrir umsóknir um tímabundin sumarstörf námsmanna þann **11. maí** á heimasíðu Vinnuálastofnunar.
- Veitt verður **200 m.kr. viðbótarframlag til félagslegra aðgerða** um viðspyrnu gegn neikvæðum áhrifum COVID-19 gagnvart börnum, eldri borgurum, fötluðu fólki, fólki af erlendum uppruna og öðrum félagslega viðkvæmum hópum.
- **Hlutabótaúrræðið mun renna sitt skeið** á næstu misserum og verður öllum þeim fyrirtækjum sem hafa starfsfólk sem fær greiddar hlutabætur boðin þátttaka í átaksverkefninu *Hefjum störf* þar sem fyrirtækið fær styrk til endurráðningar í fyrra starfshlutfall.
- Greiddur verður sérstakur **styrkur að hámarki 100.000 kr. til þeirra sem verið hafa án atvinnu frá því fyrir heimsfaraldur COVID-19**. Skilyrðin fyrir styrknum eru að hafa verið án atvinnu samfleytt í fjórtán mánuði eða lengur, hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur í apríl og hafa þar af leiðandi ekki notið lengingar tekjutengdra atvinnuleysisbóta.
- Greiddur verður sérstakur **30 þúsund króna barnabótaauki** með hverju barni við álagningu opinberra gjalda einstaklinga í lok maí 2021 til allra þeirra sem fá greiddar tekjutengdar barnabætur.
- Það tímabilið sem nýta má **sex mánaða tekjutengdar atvinnuleysisbætur verður framlengt til 1. febrúar 2022**.

Hefjum störf - Staðan

Nú þegar um rúmur mánuður er liðinn frá því átakið fór af stað hafa verið skráð um **4.800 störf** undir merkjum **Hefjum störf**.


Heildarmarkmiðið í upphafi var 7.000 störf, þar af 2.500 störf tengd tímabundnum sumarstörfum til námsmanna sem nú eru í undirbúningi og ekki farin af stað. Í tengslum við átakið hafa verið gerðir um **1.200 ráðningarsamningar**. Ef litið er til þjóðernis þeirra sem fengið hafa ráðningu í gegnum átakið þá eru um 60% Íslendingar og 40% af öðru þjóðerni. Það er í fullkomnu samræmi við heildarfjölda atvinnuleitenda sem segir okkur að úrræðið sé að nýtast báðum hópum. Um 60% ráðninga eru vegna karla á meðan 40% ráðninga eru vegna kvenna. Til samanburðar eru karlar 55% af heildarfjölda atvinnuleitenda á meðan konur eru 45%. Um 50% ráðninga eru af höfuðborgarsvæðinu á meðan 65% heildarfjölda atvinnuleitenda kemur þaðan. Vinnumálastofnun vinnur að gerð mælaborðs á heimasíðu sinni þar sem hægt verður að fylgjast með þróun átaksverkefnisins **Hefjum störf**.

Nám er tækifæri - Staðan

Námsátakið **Nám er tækifæri** fór af stað í haust en þar gefst atvinnuleitendum sem verið hafa án atvinnu í minnst sex mánuði tækifæri til að skrá sig í dagskóla samhliða atvinnuleysisbótum í eina önn.

Vörönnin 2021 var fyrsta önn átaksins en tekin var sú ákvörðun að úrræðið stæði atvinnuleitendum einnig til boða á haustönn 2021 og vörönn 2022.

Alls hafa um 400-500 einstaklingar nýtt sér úrræðið á vormisseri ársins 2021 en á myndinni má sjá fjöldann í úrræðinu eftir mánuðum og tegund náms.



Sumarstörf námsmanna árið 2021 - Staðan

Í apríl var tilkynnt um að stjórnvöld ætli sér að ná til þess hóps námsmanna sem ekki fær starf eða aðgang að öðru úrræði í sumar og verja tæpum 2,4 ma.kr. í átaksverkefni til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn. Markmiðið með átakanu er að til verði um 2.500 tímabundin störf fyrir námsmenn, 18 ára og eldri, í samvinnu við opinberar stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök. Hverjum nýjum námsmanni sem ráðinn er inn með úrræðinu fylgir styrkur sem nemur fullum dagvinnulaunum samkvæmt gildandi kjarasamningum, en mest að hámarki tekjutengdra atvinnuleysisbóta, allt að 472 þúsund kr. á mánuði auk 11,5% framlags í lífeyrissjóð. Ráðningartímabilið er allt að tveir og hálfur mánuður. Vinnumálastofnun vinnur þessa dagana að því að veita stofnunum, sveitarfélögum og félagasamtökum ráðningarheimildir og munu námsmenn geta sótt um störf frá 11. maí næstkomandi.

Nýr aðgerðarpakki ríkisstjórnarinnar

Þann 30. apríl kynnti ríkisstjórnin nýjan aðgerðarpakka sem nefna má þann fjórða frá upphafi COVID-19 heimsfaraldurs. Bólusetningum miðar hratt áfram, en nú hafa um 125 þúsund Íslendingar fengið a.m.k. fyrri skammt bóluefnis. Áætlun stjórnvalda gerir ráð fyrir að helmingur fullorðinna hafi fengið fyrri skammt í síðari hluta maí og hlutfallið nái 75% þegar líður á júnímánuð. Þegar síðarnefnda markinu

verður náð er stefnt að því að aflétta öllum sóttvarnaraðgerðum innanlands, en þeim verður aflétt í skrefum fram að því.

Nýlega samþykkt fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026 gerir ráð fyrir hröðum viðsnúningi á næstu mánuðum, en vel hefur gengið að verja kjör landsmanna á veirutímum. Þannig jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna í fyrra þrátt fyrir faraldurinn og innlend eftirspurn dróst aðeins saman um 1,9%, sem er með því minnsta meðal Evrópuríkja.

Samhliða góðum árangri og væntingum um hraðan viðsnúning telja stjórnvöld rétt að viðhalda öflugum stuðningi við heimili og fyrirtæki næstu mánuði. Áhrifa faraldursins hefur gætt lengur en gert var ráð fyrir í upphafi, auk þess sem framvindan veltur á framgangi bólusetninga og baráttu við veiruna erlendis.

Hér kemur nánari útlístan á þeim aðgerðum í aðgerðarpakkanum nýja sem snerta svið félags- og atvinnumála.

Stuðningur á vinnumarkaði

Með fjölbreyttum stuðningsúrræðum á vinnumarkaði hefur tekist að verja afkomu og kjör heimila þrátt fyrir verulegt atvinnuleysi síðustu mánuði. Átakið *Heffjum störf* sem hvetur fyrirtæki, sveitarfélög og félagasamtök til að fjölga störfum var kynnt nýverið og hefur nú þegar skilað góðum árangri. Til að fylgja þessu eftir verða eftirfarandi úrræði innleidd:

Styrkur til endurráðningar í fyrra starfshlutfall: Fyrirtæki með ráðningarsamband við einstakling sem fær greiddar hlutabætur geta fengið styrk til endurráðningar í fyrra starfshlutfall. Styrkurinn miðast við hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta í hlutfalli við hækkun starfshlutfalls viðkomandi einstaklings, auk 11,5% mótframlags af styrkfjárhæð í lífeyrissjóð í allt að fjóra mánuði.

Styrkur til langtímaatvinnulausra: Greiddur verður sérstakur styrkur til að styðja við þann hóp sem verið hefur án atvinnu frá því fyrir heimsfaraldur COVID-19 og hefur ekki notið lengingar á tekjutengdu tímabili atvinnuleysisbóta. Styrkurinn nemur að hámarki 100.000 kr. og verður greiddur í hlutfalli við bótarétt til þeirra atvinnuleitenda sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur vegna aprílmánaðar og höfðu fengið greiddar atvinnuleysisbætur samfelt í fjórtán mánuði eða lengur þann 1.maí 2021.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur: Það tímabilið sem nýta má sex mánaða tekjutengdar atvinnuleysisbætur verður framlengt til 1. febrúar 2022. Réttur til greiðslu tekjutengdra atvinnuleysisbóta var lengdur tímabundið úr þremur mánuðum í sex til að mæta tekjufalli vegna COVID-19 og upprunalega var gert ráð fyrir að heimilt yrði að nýta réttinn til 1. október 2021. Þetta tímabil verður nú framlengt til 1. febrúar 2022.

Geðheilbrigðismál barna og ungmenna

Veitt verður 600 m.kr. viðbótarframlag til geðheilbrigðismála fyrir börn og ungmenni til að mæta aukinni þörf vegna COVID-19. Stutt verður við sex samstarfsverkefni félags- og barnamálaráðherra, heilbrigðisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra. Stofnuð verða geðheilbrigðisteymi barna á landsvísu, efld geðheilbrigðisþjónusta í framhaldsskólum og háskólum, efld endurhæfing vegna langvarandi eftirkasta COVID-19, Sjúkratryggingum verður falið að semja við aðila sem veita þverfaglega geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni og stutt verður við sveitarfélög og frjáls félagasamtök til eflingar á þjónustu fyrir börn og aðra hópa með alvarlegar geðraskanir.

Félagslegar aðgerðir til stuðnings viðkvæmum hópum.

Veitt verður 200 m.kr. viðbótarframlag til aðgerða í aðgerðaráætlun félagsmálaráðuneytisins um viðspyrnu gegn neikvæðum áhrifum COVID-19 gagnvart börnum, eldri borgurum, fötluðu fólki, fólki af erlendum uppruna og öðrum félagslega viðkvæmum hópum. Um er að ræða stuðningsaðgerðir sem m.a. vinna gegn heimilisofbeldi, styðja við bættu upplýsingafærni eldra fólks, heimilislausa, ungmenni sem hvorki eru þátttakendur á vinnumarkaði né í námi og aðgerðir sem bæta stöðu fólks sem býr við fötlun.

Greiddur verður sérstakur 30 þúsund króna barnabótaauki með hverju barni við álagningu opinberra gjalda einstaklinga í lok maí 2021 til allra þeirra sem fá greiddar tekjutengdar barnabætur.

Stuðningur við námsmenn

Ákveðið hefur verið að styðja frekar við námsmenn á framhalds- og háskólastigi en heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á hagi námsmanna:

Sumarlán: Á skólaárinu 2019-2020 var boðið upp á sumarlán fyrir námsmenn hjá Menntasjóði námsmanna. Lánað var niður í 1 ECTS einingu. Ákveðið er að sambærileg ráðstöfun verði í boði fyrir námsmenn vegna sumarannar skólaársins 2020 – 2021. Þá verður áfram gert ráð fyrir því að þeir námsmenn sem sækja um námslán og koma af atvinnumarkaði eða hafa ekki verið á námslánum síðustu sex mánuði fái fimmfalt frítekjumark til lækkunar á launatekjum ársins sem hefðu annars komið til skerðingar lánsins.

Tímabundin hækkun grunnframfærslu námsmanna: Fyrirhugað er vegna tímabundinna aðstæðna að bjóða námsmönnum upp á viðbótarlán fyrir skólaárið 2021-2022. Lánið getur numið 6% álagi grunnframfærslu framfærslulána, nái áætlaðar tekjur námsmannsins ekki heimiluðu frítekjumarki (sem er í dag 1.410.000 krónur vegna tekna ársins 2020).

Nýsköpunarsjóður námsmanna (ekki hluti af nýja aðgerðarpakkanum) úthlutaði nýverið 311 m.kr. til að sporna við atvinnuleysi og styðja við nýsköpun nemenda. Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunnnámi og námi á meistarastigi við háskóla til sumarvinnu að rannsókn- og þróunarverkefnum. Að þessu sinni hlutu 206 verkefni styrk, og er því alls 351 nemandi skráður til leiks í þessu úrræði.

Sumarnám 2021 (ekki hluti af nýja aðgerðarpakkanum): Stjórnvöld hyggjast veita alls 650 m.kr. til að tryggja framboð á sumarnámi í sumar; 500 milljónir kr. renna til í háskóla og 150 milljónir kr. til framhaldsskóla. Sumarnámið árið 2020 nýttist mörgum vel og spornaði við atvinnuleysi. Fjölbreyttar námsleiðir voru í boði og sóttu rúmlega 650 nemendur námskeið á vegum 10 framhaldsskóla og tæplega 5000 nemendur um 260 námskeið á vegum háskólanna. Nánara fyrirkomulag og framboð sumarnáms 2021 verður kynnt á næstu dögum en stefnt er að því að skólar bjóði upp á stuttar hagnýtar námsleiðir, sérsniðna verklega kynningaráfanga og sérsniðna íslenskuáfanga fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Annað sem snertir félags- og atvinnumál

Ýmsar aðrar efnahagsaðgerðir sem tengjast félags- og atvinnumálum verða framlengdar eða innleiddar á næstu dögum og vikum, en þær eru helstar úr nýjum aðgerðarpakka stjórnvalda:

Úttekt séreignasparnaðar: Fjármála- og efnahagsráðherra hefur lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem lagt er til að gildistími úrræðisins verði framlengdur út árið 2021 með sömu viðmiðunarfjárhæðum og skilmálum og giltu árið 2020.

Lokunarstyrkir: Lagt er til framhald á úrræðinu, sem ella rennur út í lok júní. Þannig verði það framlengt út árið 2021 auk þess sem hámarksfjárhæð verði hækkuð.

Viðspyrnustyrkir: Lagt er til að úrræðið verði framlengt út nóvember 2021, auk þess sem ný tekjufallsviðmið verði búin til. Samkvæmt gildandi reglum er lágmarks tekjufall 60%, en lagt er til að búinn verði til nýr flokkur fyrir tekjufall á bilinu 40-60%. Fyrir þá aðila verði mánaðarlegur styrkur á hvert stöðugildi 300 þúsund krónur á mánuði, en mánaðarlegir styrkir nemi áfram 400 þúsund krónum á stöðugildi fyrir tekjufall á bilinu 60-80% og 500 þúsund krónum í tilfelli 80-100% tekjufalls. Breytingin kemur til framkvæmda frá og með gildistöku laganna og gildir því um allt tímabilið frá nóvember 2020 og út nóvember 2021. Þá er lagt til að hámark styrks verði 260 milljónir króna, sem verði sameiginlegt hámark fyrir lokunarstyrki frá september 2020, tekjufallsstyrki, viðspyrnustyrki og ferðagjafir. Fyrir liggur frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra um málið.